

*Alþingi**Erindi nr. Þ**120/905***6. gr. 2. mgr. orðist svo:***komudagur**1/3**1996*

Millinafn skal dregið af íslenskum orðstofnum eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli en má þó ekki hafa nefnifallsendingu. Nöfn, sem aðeins hafa unnið sér hefð sem annað hvort eiginnöfn karla eða eiginnöfn kvenna, eru ekki heimil sem millinöfn. Þó er eiginnafn foreldris í eignarfalli heimilt sem millinafn. Millinöfn sem eru mynduð með sama hætti og föður- og móðurnöfn, sbr. 3. mgr. 8. gr., eru óheimil.

**2. mgr. 8. gr. orðist svo:**

Hver maður skal kenna sig til föður eða móður nema hann eigi rétt á að bera ættarnafn og kjósi að gera svo, sbr. 5. mgr. Manni er ennfremur heimilt að kenna sig til beggja foreldra sinna, eða bera ættarnafn sem hann á rétt á til viðbótar því að kenna sig til föður eða móður. Heimilt er að ófeðrað barn sé kennt til afa síns.